

4. gr.

47

Mál vegna brota á ákvæðum laga þessara sæta meðferð opinberra mála.

14. apríl

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

48

14. apríl

um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938,
um sildarverksmiðjur ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er skipt hreppi, þar sem verksmiðja er starfrækt, og miðast þá hámark verksmiðjugjaldsins við samanlagðar útsvarsupphæðir hinna nýju hreppa, en greiðist eingöngu þeim hreppi, þar sem verksmiðjan er starfandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

49

14. apríl

um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Höfundur hver á eignarrétt á því, er hann hefur samið eða gert. Hann hefur því innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarétt á: